

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps í Snæfellsbæ.

2. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram kr. 10.835 í sorphirðugjald og kr. 9.020 á íbúð í sorpeyðingargjald.
- b) Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram kr. 3.025 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 4.300 á bústað í gámagjald.

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 8.310 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 6.318 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir bílhrae greiðast kr. 4.109 fyrir stykkið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 6.642 fyrir tonnið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.486 fyrir rúmmetra.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 1.027 á rúmmetra.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 3.069 fyrir rúmmetra, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að ¼ hluta farms greiðast kr. 12.294 fyrir hvern rúmmetra og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs hærra en ¼ hluta farms greiðast kr. 15.314 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir klippikort – pressanlegt sorp, greiðist kr. 42.361 fyrir stykkið.

Fyrir klippikort – timbur, greiðist kr. 15.812 fyrir stykkið.

Fyrir klippikort – brotajárn, greiðist kr. 29.071 fyrir stykkið.

Fyrir klippikort – múrbrot og garðaúrgangur, greiðist kr. 4.731 fyrir stykkið.

Fyrir garðaúrgang greiðast kr. 2,80 á kílógramm.

Fyrir fiskikör greiðast kr. 13,70 á kílógramm.

Fyrir netaafskurð greiðast kr. 16,80 á kílógramm.

Fyrir nálar greiðast kr. 144 á kílógramm.

Fyrir lyf greiðast kr. 467 á lítra.

Fyrir framköllunarvökva greiðast kr. 110 á lítra.

Fyrir silfur greiðast kr. 666 á lítra.

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.

5. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

6. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

7. gr.

Innheimta samkvæmt 4. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 23. nóvember 2006 með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

Snæfellsbæ, 2. janúar 2007.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.